



Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. mars 2018
1803038/0.4.1/eb

Efni: Umsögn Embættis landlæknis um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (bann við umskurði drengja), 114. mál.

Embætti landlæknis fagnar því að Alþingi ræði breytingar á lögum varðandi umskurð á drengjum. Hins vegar er embættið eindregið á móti því að umskurður á drengjum falli undir hegningarlög. Embættið er ósammála flutningsmönnum þegar þeir leggja að jöfnu „umskurð“ á stúlkubörnum og konum og umskurð á drengjum. Í nágrannalöndum okkar er ekki talað um „umskurð“ á kynfærum stúlkna. Svíar kalla slíkt á sinni tungu „könsstympling“ meðan þeir tala um „omskärelse“ hvað varðar drengi. Á íslensku þýðir orðið „könsstympling“ nánast aflimun eða limlesting á kynfærum. Þetta er bannað samkvæmt hegningarlögum í nágrannalöndum okkar og sem betur fer einnig á Íslandi. Þessi hugtök er að mati embættisins ekki rétt að nota yfir umskurð á drengjum.

Eins og flutningsmenn taka fram er umskurður drengja gerður af trúarlegum ástæðum í samfélagi gyðinga og múslíma. Í stórum hluta Afríku er umskurður drengja gerður án trúarlegra ástæðna og fremur sem merki þess að drengur sé kominn í tölu fullorðinna. Í Bandaríkjunum Norður-Ameríku og í vissum öðrum löndum er umskurður á drengjum enn gerður meira eða minna sem hrein rútína af hreinlætisástæðum og vegna þess að aðgerðin er talin fyrirbyggja sjúkdóma. Þessi skoðun er umdeild og flestir telja að fyrir henni liggi engin vísindaleg rök.

Það er álit Embættis landlæknis að trúarlegar og menningarlegar hliðar á þessu máli séu svo ríkar, að umskurður á forhúð drengja muni verða framkvæmdur um ófyrirsjáanlega framtíð óháð því hvaða afstöðu heilbrigðiskerfið og samfélagið að öðru leyti mun hafa til þess að leyfa þessa aðgerð. Það er því nauðsynlegt að löggjöf á þessu sviði sé gerð þannig úr garði að umskurður á drengjum valdi ekki barninu skaða.

Embætti landlæknis óttast að umrædd þingsályktunartillaga muni leiða til þess að þessar aðgerðir muni verða gerðar við aðstæður sem ekki tryggja öryggi þeirra barna sem hér um ræðir. Embættið mælir með því að horft sé til reynslu Svía, þar sem bæði löggjafinn og Socialstyrelsen hafa sett fram skýrt regluverk um það hvenær, við hvaða aðstæður og af hverjum þessar aðgerðir eru gerðar. Brot á þeim reglum varðar við hegningarlög.

Virðingarfyllst,

Birgir Jakobsson,
landlæknir